



SSV

Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

Alþingi

b.t. umhverfis- og samgöngunefndar

Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Borgarnesi 09.01 2020

Efni: Umsögn um drög að tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun

Með tölvupósti dagsettum 09.12 2019 var Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun 2020-2024 mál 434 og tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034 mál 435. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi senda hér með umbeðnar umsagnir.

Almennt um tillöguna

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) taka almennt undir þau markmið sem sett eru fram í tillögu að samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034. Hins vegar vekur það athygli að fallið skuli frá því markmiði að gera átaka í lagningu á bundnu slitlagi á umferðarlitla vegi sem hafa viðunandi burðarþol þrátt fyrir að veghönnun sé að einhverju leyti ábótavant. Í nýrri áætlun er kveðið mun veikara að orði og talað um að áfram skuli unnið að lagningu á bundnu slitlagi á umferðarlitla vegi sem hafa viðunandi burðarþol þrátt fyrir að veghönnun sé að einhverju leyti ábótavant. Við munu rökstyðja síðar í þessari umsögn okkar að við teljum nauðsynlegt að gert verði áttak í lagningu bundins slitlags á þessa vegi.

Athugasemdir okkar við áður nefndar tillögur til þingsályktunar snúa fyrst og fremst að fimm ára samgönguáætlun.

Varðandi þær framkvæmdir sem eru á áætlun fyrir árin 2020-2024 þá fagnar SSV þeirri uppbyggingu sem er að hefjast á Vesturlandsvegi á Kjalarnesi og telur afar brýnt að hún klárast sem fyrst. Fjöldi íbúa á Vesturlandi sækir atvinnu og nám til Reykjavíkur og ekur því daglega um Kjalarnes. Einnig fögnum við því loks hyllir undir að framkvæmdum við Fróðárheiði ljúki, en vinna við þann veg hefur staðið yfir í á annan áratug. Bæði vegabætur á Kjalarnesi sem og á Fróðárheiði hafa verið forgangsverkefni í Samgönguáætlun Vesturlands sem samþykkt var af sveitarfélögunum í landshlutanum snemma árs 2017. Þá er mikilvægt að fjármagn hafi fengist til endurbóta á Faxabraut á Akranesi, auk þess framkvæmdir við Biskupsbeygju á Holtavörðuheiði og á Þjóðveginum í gegnum Borgarnes eru til þess fallnar að auka verulega umferðaröryggi. Þá leggur stjórn SSV þunga áherslu á að vinna við ákvarðanatöku um lagningu Sundabrautar ljúki sem fyrst þannig að hægt verði að ljúka lagningu hennar fyrir árið 2030.

Hins vegar veldur það Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi miklum vonbrigðum að aðeins er áætlað að verja 1070 milljónum til ný framkvæmda við vegi á Vesturlandi á næstu fimm árum eða mun lægri upphæð en í nokkrum öðrum landshluta. Við það geta sveitarfélögin á Vesturlandi ekki unað. Því gera samtökin eftirfarandi athugasemdir við samgönguáætlun og fara fram á breytingar á áætluninni.

Athugasemdir við einstaka liði samgönguáætlunar

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi vilja koma með athugasemdir og ábendingar varðandi fjóra þætti í samgönguáætlun áráanna 2020-2024. Í fyrsta lagi tímasetningu framkvæmda við Skógarstrandarveg, í öðru lagi seinkun framkvæmda við Uxahryggjavega, í þriðja lagi allt of lágar fjárveitingar til lagningar slitlags á tengivegi og í fjórða lagi að auknu fjármagni verði veitt til hönnunar vega á Vesturlandi. Allt eru þetta verkefni sem Vestlendingar leggja þunga áherslu á í áðurnefndri Samgönguáætlun Vesturlands.

Vegurinn um Skógarströnd er samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum einn fárra kafla í stofnvegakerfinu á Íslandi sem ekki er lagður bundnu slitlagi. Í samgönguáætlun sveitarfélaganna á Vesturland segir „Brýnt er að hefja framkvæmdir við veginn um Skógarströnd, einkum lagningu bundins slitlags þar sem undirbyggingu er lokið. Mikilvægt er að hefja framkvæmdir árið 2017, hönnun endurbóta hans og gerð tímasettrar verkáætlunar framkvæmda.“ Af þessu má glöggt sjá að sveitarstjórnir á Vesturlandi vilja hraða framkvæmdum, en stóraukin umferð ferðamanna um veginn og há slysatíðni þrýsta á um að framkvæmdum verði flýtt eins og kostur er. Vegurinn um Skógarströnd hefur mikla þýðingu fyrir íbúa á Snæfellsnesi og í Dalabyggð sem um áratugaskeið hafa búið við laka malarvegi. Víða á svæðinu er stundaður landbúnaður og ferðaþjónusta vex hratt. Með bættum samgöngum skapast ýmis tækifæri varðandi samstarf Dalamanna og Snæfellinga, auk þess sem Dalabyggð myndi njóta góðs af þeim gríðarlega fjölda ferðamanna sem leggur leið sín um Snæfellsnes og skemmtileg hringleið opnast. **Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi leggja þunga áherslu á að framkvæmdum við Skógarstrandarveg verði hraðað. Hönnun vegarins verði lokið á fyrsta tímabili samgönguáætlunar og að jafnframt verði hægt að hefja framkvæmdir á fyrsta tímabili samgönguáætlunar, en ekki á öðru tímabili eins og áætlunin gerir ráð fyrir.**

Unnið hefur verið að framkvæmdum við Uxahryggjaveg undanfarin ár. Búið er að leggja bundið slitlag frá Götuási við Borgarfjarðarbraut að Brautartungu í Lundareykjadal, auk þess sem slitlag hefur verið lagt á stærsta hluta vegarins frá Þingvöllum að gatnamótum við Kaldadalsveg. Eftir er að klára að endurbæta veginn og leggja slitlag á kaflann frá Brautartungu að gatnamótum Kaldadalsvegar og er áætlaður kostnaður við þá framkvæmd um 1850 milljónir. Vegurinn um Uxahryggi tengir saman Vesturland og Suðurland og skapar ýmis tækifæri til þess að auka samskipti og samstarf íbúa þessara landshluta, auk þess sem hann skapar ótal tækifæri í ferðaþjónustu og möguleika fyrir ferðamenn. Jafnframt myndi vegurinn létta umferð af þjóðvegi 1 og dreifa ferðamönnum betur um landið. **Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi telja það ótækt að stöðva framkvæmdir við Uxahryggjaveg í fimm ár og fresta verklokum fram til ársins 2029. Því er lögð áhersla á það að hönnun breytinga á kaflanum frá Brautartungu að Kaldadalsafleggjara verði lokið sem fyrst og að framkvæmdir við veginn hefjist að nýju eigi síðar en árið 2023.**

Í markmiði samgönguáætlunar nr. 2.1.6 kemur fram að „Áfram verði unnið við lagningu á bundnu slitlagi á umferðarlitla vegi sem hafa viðunandi burðarþol þrátt fyrir að veghönnun sé að einhverju leyti ábótavant.“ Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi telja að þarna sé alltof veikt kveðið að orði og nauðsynlegt sé að gera sérstakt átak í þessum málum. Þessir vegir skipta orðið sífellt meira máli fyrir íbúa í dreifbýli og ört vaxandi ferðaþjónustu. Á Vesturlandi er um 14% af vegkerfi landsins og þar er um 60% vega án slitlags. Þrjú sveitarfélög á Vesturlandi eru í hópi þeirra tíu sveitarfélaga á landsvísu þar sem fæstir vegir er lagðir bundnu slitlagi, en það

eru Skorradalshreppur, Dalabyggð og Borgarbyggð. Tæplega 10% af vegakerfi landsins er í þessum þremur sveitarfélögum. Sveitarfélögin Borgarbyggð og Dalabyggð eru landstór sveitarfélög þar sem búið er að sameina fjölda sveitarfélaga, en fyrir 30 árum síðan voru 20 sveitarfélög á því svæði sem þessi tvö sveitarfélög ná yfir í dag. Það er afar mikilvægt að þegar sveitarfélög sameinast þá fái þau stuðning til þess að byggja upp heilstæð atvinnu- og þjónustusvæði. Góðar samgöngur eru lykilatriði í því að hægt sé að byggja upp slík svæði og sérstaklega mikilvægt að huga að því þegar gera á áttak í sameiningu sveitarfélaga.

Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir því að 1000 m.kr. fari til tengivega á landinu á árinu 2020 og næstu þrjú árinu verði þessi upphæð svipuð. Ef tekið er mið af reynslu fyrri ára er um þriðjungur þessarar upphæðar eða 300 til 350 m.kr. á ári að fara til Vestursvæðis (Vesturland og Vestfirðir), en skilgreindir tengivegir eru um 912 km á svæðinu. Það er öllum ljóst að fyrir þá upphæð verður ekki miklu áorkað. Í samtölum sveitarstjórnanna og starfsmanna Vegagerðarinnar á Vestursvæði hefur verið rætt að ef framlög til tengivega á Vestursvæði yrðu tvöfölduð og yrðu um 600 til 700 m.kr. á ári mætti á stuttum tíma ná verulegum árangri í lagningu slitlags á tengivegi. **Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi leggja á það áherslu að framlög til tengivega verði hækkuð um 1000 m.kr. fyrir árið 2020 og sama hækkun verði árlega út fyrsta tímabil samgönguáætlunar. Ef þessi tillaga yrði að veruleika teljum við að raunhæft sé að tala um alvöru áttak við lagningu bundins slitlags á tengivegi. Með þessu væri einnig hægt að nálgast markmið 2.5.2. og 2.5.3. í samgönguáætlun um að styrkja skóla- og vinnusóknarsvæði og stytta ferðatíma sem er mikilvæg aðgerð út frá byggðsjónarmiði.**

Í umsögn okkar höfum við fagnað því að vinna við tvöföldun Vesturlandsvegar er hafin með framkvæmdum á Kjalarnesi. Á öðru tímabili samgönguáætlunar er gert ráð fyrir að haldið verði áfram og vegurinn frá Hvalfjarðargöngum í Borgarnesi verði tvöfaldaður (2+1). **Því leggja Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi þunga áherslu á að nægjanlegum fjármagni verði veitt á árunum 2020-2024 til undirbúnings og hönnunar á Vesturlandsvegi frá Hvalfjarðargöngum í Borgarnes þannig að hægt verði að hefja framkvæmdir strax árið 2025.**

Að lokum leggja Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi áherslu á að fjárveitingar til viðhalds og þjónustu á vegum verði auknar þannig að auka megi umferðaröryggi, ekki síst yfir vetrartímann.


Niðurlag

Það verður að segjast eins og er að ástandi vega á Vesturlandi hefur hrakað undanfarin 10 ár og óánægja íbúa með vegakerfið aukist mjög, sem m.a. kemur fram í Íbúakönnun SSV frá árinu 2016. Frá árinu 2008 hefur lítið verið framkvæmd og Vestlendingar upplifa það að landshlutinn sitji á hakanum. Vegna þessa horfðu margir til þess að í nýrri samgönguáætlun yrði kynntar tillögur að umtalsverðum vegabótum. Vestlendingar hafa um árabil barist fyrir því að farið yrði í tvöföldun Vesturlandsvegar á Kjalarnesi og því er það fagnaðarefni að loksins munu þær framkvæmdir hefjast. Það er hins vegar afar erfitt að horfa til þess að á næstu fimm árum verði aðeins framkvæmt fyrir rúman milljarð á Vesturlandi og engin landshluti býr við

lægri fjárveitingar. Því leggja Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi þunga áherslu á að auknu fjármagni verði veitt til hönnunar vegar um Skógarströnd og Uxahryggi þannig að hægt verði að hefja framkvæmdir við þá sem fyrst og allra helst eigi síðar en 2023 og hönnun á tvöföldun Vesturlandsvegar frá Hvalfjarðargöngum að Borgarnesi verði tilbúin í lok fyrsta tímabils þannig að hægt sé hefja framkvæmdir árið 2025. SSV hefur áður lagt til að ráðist verði í sérstakt átak við að leggja bundið slitlag á tengivegi og fjárveitingar til þess verkefnis tvöfaldaðar.

Með vinsemd og virðingu

f.h. Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi



Páll S. Brynjarsson

framkvæmdastjóri